

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna Búrfellslundar – vindorkuvers.

Skipulagsstofnun staðfesti 8. maí 2024 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sem samþykkt var í sveitarstjórn 10. apríl 2024.

Í breytingunni felast áform um nýtt 18 km² iðnaðarsvæði (I25) í Búrfellslundi fyrir 120 MW vindorkuver með 30 vindmyllum sem geta verið allt að 150 m á hæð. Iðnaðarsvæðið yfirfall Sultar-tangalóns (I19) fellur út og skógræktarsvæðið Árskógar (SL26) minnkar úr 20.736 ha í 19.063 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 8. maí 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 24. maí 2024